



Ágætu Ströndungar

Nýkjörin sveitarstjórn vill þakka ykkur það traust sem þið sýnduð með því að kjósa okkur til starfa í sveitarstjórn. Við viljum líka þakka fyrri sveitarstjórn, nefndarmönnum og Jóni Hróa fráfarandi sveitarstjóra fyrir þeirra störf í þágu sveitarfélagsins og óskum þeim öllum velfarnaðar í framtíðinni.

Eiríkur H. Hauksson lét af störfum innan sveitarstjórnar er hann var ráðinn framkvæmdarstjóri sveitarfélagsins og Anna Karen Úlfarsdóttir kom inn í sveitarstjórn í hans stað. Við horfum fram á veginn og hlökkum til að takast á við verkefni sveitarfélagsins okkar.

Í fjárhagsáætlun síðustu sveitarstjórnar var talsverðu fjármagni ætlað til framkvæmda í umhverfismálum. Í sumar hafa því verktakar unnið að lagfæringu bifreiðastæða, malbikun, endurbótum á gámastæðum svo fátt eitt sé nefnt. Þessum sumarverkum fer senn að ljúka og huga þarf að áframhaldandi framkvæmdum á næsta ári. Skrifstofa hreppsins og bókasafn eru um þessar mundir að flytja í nýendurgert glæsilegt húsnæði, sem er í eigu hreppsins, á skólalóðinni.

Hefðbundin dagleg starfsemi sveitarfélagsins markar sem fyrr helstu störf sveitarstjórnar, svo sem: skólamál, skipulags- og umhverfismál og ýmis nefndarstörf. Frá fyrri sveitarstjórn eru áfram í gangi mál er varða fjallgirðingu, stígagerð, hafnargerð og önnur stærri skipulagsmál. Flest þessara mála eru hvorki einföld né fljótleyst og í flestum tilvikum hafa þau í för með sér samningaviðræður við ýmsar stofnanir utan sveitarfélagsins.

Ný sveitarstjórn hefur gert þær breytingar á stjórnsýslunni að fella niður skipulagsnefnd, en öll þau mál er bærust til nefndarinnar voru jafnframt tekin upp á fundi sveitarstjórnar til samþykktar. Í flestum tilvikum var um að ræða

breytingar á deiliskipulagi sem fóru í gegnum fastbundið ferli. Þessi breyting er gerð til einföldunar og síðast en ekki síst til þess að flýta ferli umsókna. Jafnframt mun sveitarstjórn fjölga fundum úr einum í tvo á mánuði.

Fulltrúar allra minni sveitarfélaganna við Eyjafjörð vinna nú úr hugmyndum að breytingu á embætti Byggingarfulltúa Eyjafjarðar. Ætlunin er að ráða þar skipulagsfulltrúa sem aðstoðar sveitarfélögin beint við ýmis skipulagsferli og ætti þetta að bæta faglega úrvinnslu.

Í vinnslu hjá sveitarstjórn er skipan nýrrar nefndar sem hefur hlotið vinnuheitid "Framtíðarnefnd". Hlutverk þeirrar nefndar er að horfa fram á veginn og koma með hugmyndir um öll þau mál er varða hag sveitarfélagsins. Eftir áramótin verður svo haldinn íbúafundur í samvinnu við nefndina þar sem hugsanlegar framkvæmdir og hugmyndir verða á dagskrá til kynningar og umræðu með íbúum sveitarfélagsins. Nánari útfærsla framtíðarnefndar verður kynnt innan ekki langs tíma. Þeir íbúar sem óska að starfa í "Framtíðarnefnd" eru hvattir til að hafa samband við skrifstofu hreppsins eða einhvern sveitarstjórnarmanna.

Ákveðið hefur verið að koma á viðtalstímum íbúa við tvo eða fleiri sveitarstjórnarmenn á skrifstofu hreppsins. Fyrsti viðtalstími verður miðvikudaginn 24. september frá kl. 17-19. Í þessum "hálf-formlegu" viðtalstímum eru íbúar boðnir velkomnir til að ræða hugmyndir sínar um málefni Svalbarðsstrandarhrepps. Þar sem við rennum nokkuð blint í sjóinn með fjölda viðmælenda þá er ágætt að panta tíma fyrirfram á skrifstofunni, það er þó ekki skilyrði. Ekki verður lokað á þá sem mæta fyrir kl. 19 ☺

Nokkur blaðskrif hafa verið undanfarið um sveitarstjórn, m.a. um ráðningu sveitarstjóra og fleira. Sveitarstjórn hefur kosið að fara ekki í fjölmiðlaumræðu við þá íbúa sem eru ekki sáttir við ákvarðanir hennar. Viðtalstímar eru kjörinn farvegur til þess að koma skoðunum sínum á framfæri við sveitarstjórnarmenn. Fólki í sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins kemur úr ýmsum áttum og hefur margvíslegar hugmyndir, en öll viljum við vinna sem best að málefnum sveitarinnar. Við eru ekki alltaf sammála um leiðir, en ef við reynum að setja okkur sem skýrust sameiginleg markmið þá létur það róður-

inn. Það er vissulega von okkar að þar gæti “fram tíðarnefndin” lagt sitt að mörkum.

Starfsmaður skrifstofunnar, Magnús Gunnarsson, óskaði þess í síðasta mánuði að láta af störfum. Sveitarstjórn þakkar honum farsæl störf undanfarin ár og býður jafnframt velkominn nýjan starfsmann, Hörpu Halldórsdóttur viðskiptafræðing, sem tók við skrifstofunni í byrjun þessa mánaðar. Einnig bjóðum við velkominn til starfa Björn Ingason trésmíðameistara hann er húsvörður skóla, umsjónarmaður eigna og ýmissa verkefna á vegum sveitarfélagsins.

Með bestu kveðu,
Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

Leikskólinn Álfaborg



Héðan frá Álfaborg er allt gott að fréttu, í skólanum eru 25 börn en fleiri eiga eftir að bætast í hópinn.

Við erum að sigla inn í haustið eins og aðrir og búin að skipuleggja vetrarstarfið að mestu. Við höfum notið veðurblíðunnar og verið úti öllum stundum þessar vikurnar en svo fer hópastarf að byrja og lífið að færast í fastar skorður. Gott samstarf verður við Valsárskóla eins og undanfarið og í vetur verður nóg að gera hjá elstu börnunum. Þau fara einu sinni í viku í leikfimi með 1.-2. bekk og í byrjendalæsi. Einnig fara þau einu sinni í viku í Tónlistarskólann.

Þann 16. september á Degi Íslenskrar náttúru kemur fulltrúi frá Landvernd og afhendir okkur nýjan Grænfána, það verður í fjórða sinn sem við fáum að flagga grænum fána Landverndar fyrir vinnu okkar hér í leikskólanum sem snýr að umhverfismennt. Vinna okkar að þessum Grænfána var að nýta og njóta náttúrunnar. Afhending verður kl. 11.30 og allir eru velkomnir.

Bestu haustkveðjur frá Álfaborg

Næstu rusladagar

18. september	-	Almennt sorp
25. september	-	Endurvinnsla
2. október	-	Almennt sorp
16. október	-	Almennt sorp

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Litið um öxl

Auglýsing sem birtist í Degi í september árið 1976:

Slátursala

Slátursalan er hafin á Svalbarðseyri

Athugið að með slátrinu fylgja sviðnar lappir

og fullhreinsaðar vambir

Sendum til Akureyrar 20 slátur eða meira

Opið frá kl. 8-18 virka daga og kl. 8-16 laugard.

Komið, sjáið og sannfærist

SLÁTURHÚS K.S.Þ., Svalbarðseyri

Dagur, 38. tbl. (15.09.1976), bls. 7
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2663113

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 21. október.